



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/1614***  
***komudagur 22.3.2012***

Fljótsdalshéraði, 22. mars 2012  
nr. erindis 201202126 SSB

Á 155. fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 21. mars 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnir.**

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn tekur undir með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og styður ekki þau frávik frá nýsamþykktum sveitarstjórnarlögum sem koma fram í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum. Ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt af alþingi á síðasta ári. Voru þau afrakstur mikillar vinnu þar sem meðal annars var haft víðtækt samráð við Samband sveitarfélaga. Bæjarstjórn telur fráleitt að ætla sér að breyta þeim lögum að frumkvæði eins þingflokks og án samráðs við sveitarfélögin. Bæjarstjóra falið að koma því sjónarmiði á framfæri.

Samþykkt með 8 atkvæðum, en einn sat hjá (RRI)

Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason  
skrifstofustjóri